

Reglur um félagslega heimaþjónustu Félagsþjónusta uppsveita Árnassýslu og Flóa

Umfang, markmið og stjórnun

1. grein

Félagsleg heimaþjónusta er fyrir þá sem búa í heimahúsum og geta ekki séð hjálparlaust um heimilishald og persónulega umhirðu vegna skertrar getu, fjölskylduaðstæðna, álags, veikinda, barnsburðar eða fötlunar.

Í þeim tilvikum sem umsækjandi deilir heimili með fullorðnum einstaklingi, sem á ekki við veikindi að stríða, er að öllu jöfnu ekki veitt heimaþjónusta.

2. grein

Félagsleg heimaþjónusta getur falist í eftirtöldu:

1. Aðstoð við þrif.
2. Félagslegum stuðningi.
3. Aðstoð við persónulega umhirðu.
4. Innkaupum.
5. Aðstoð við umönnun barna og unglunga.
6. Aðstoð við að rjúfa félagslega einangrun.
7. Kvöldþjónustu.

Í kafla II. er að finna nánari útlistun á þjónustunni.

3. grein

Markmið félagslegrar heimaþjónustu er að efla viðkomandi til sjálfshjálpar og gera honum kleift að búa sem lengst í heimahúsum við sem eðlilegastar aðstæður.

4. grein

Félagsmálanefnd er stjórnarnefnd félagslegrar heimaþjónustu á vegum uppsveita Árnassýslu. Félagsmálastjóri uppsveita Árnassýslu hefur heimild í umboði félagsmálanefndar til að annast framkvæmd félagslegrar heimaþjónustu samkvæmt reglum þessum.

II. KAFLI

Skilgreiningar á þjónustu

5. grein

Félagsleg heimaþjónusta getur verið eitthvað af eftirtöldu:

1. Þrif.

Þrif eru almennt innt af hendi aðra hverja viku. Með þrifum er átt við að ryksuga, þvo gólf, þrifa baðherbergi, þ.e.a.s. vask, salerni, bað/sturtu og veggir þar í kring, þrifa vaskaskáp, ísskáp og í kringum eldavél. Þurrkað skal af þegar viðkomandi getur það ekki sjálfur. Aðstoð við almenn heimilisþrif takmarkast við þau herbergi sem eru í daglegri notkun þjónustuþegans s.s. eldhús, salerni, gangar, svefnherbergi viðkomandi, stofa og borðstofa. Aðstoð er veitt við þvott á léttari gluggatjöldum, s.s. fyrir eldhús- og baðherbergisgluggum. Ekki eru þvegin rimlagluggatjöld. Aðstoð er veitt við að setja þvott í vél og við frágang, eftir þörfum hverju sinni. Uppvask telst ekki hluti af almennum heimilisþrifum heldur skal tekið fram sérstaklega. Ef um sameign er að ræða skal þjónustuþegi eða stjórn húsfélags útvega þrif á henni. Að örðum kosti ber að líta á slík þrif sem algjöra undantekningu.

2. Félagslegur stuðningur.

Leitast er við að mæta þörfum einstaklinga á ýmsa vegu sem getur falið í sér hvatningu og samveru í þeim tilgangi að rjúfa félagslega einangrun.

3. Persónuleg umhirða.

Starfsmenn skulu veita aðstoð við persónulega umhirðu, svo sem aðstoð við að klæðast og aðra aðstoð sem ekki er í verkahring heimahjúkrunar.

4. Innkaup.

Starfsmaður getur aðstoðað þjónustuþega við matarinnkaup ef þjónustusamningur kveður á

um það.

5. Aðstoð við umönnun barna og unglunga.

Aðstoð við umönnun barna og unglunga er veitt með hliðsjón af aðstæðum þegar um er að ræða sérstaklega erfiðar fjölskylduaðstæður t.d. vegna fötlunar, veikinda eða félagslegra erfiðleika.

6. Kvöldþjónusta.

Kvöldþjónusta er fyrir þá sem, samkvæmt einstaklingsbundnu mati á þörf, þurfa á félagslegri heimaþjónustu að halda utan um dagvinnutíma.

Kvöldþjónusta er í formi innlita og stuttrar viðveru. Samþykkt kvöldþjónusta skal koma fram á þjónustusamningi.

III. KAFLI

Framkvæmd

6. grein

Sækja þarf skriflega um félagslega heimaþjónustu á þar til gerðu eyðublaði sem fæst hjá Félagsþjónustunni.

7. grein

Þegar umsókn hefur verið móttækin ber félagmálastjóra að fara í vitjun á heimili umsækjanda og meta þjónustuþörf til að geta veitt þá þjónustu sem umsækjandi eða aðrir heimilismenn eru ekki færir um að annast sjálfir.

8. grein

Sendi skal umsækjendum skriflegt svar um niðurstöðu úr mati á þjónustuþörf, þar sem ferill umsóknar er rakinn og tilgreint hvenær þjónustan getur hafist.

Ákvörðun um synjun á beiðni um heimaþjónustu eða takmörkun á umbeðinni þjónustu skal rökstudd og umsækjanda bent á áfrýjunarrétt sinn.

9. grein

Gera skal þjónustusamning við þjónustuþega sem tilgreinir umfang og skipulag heimaþjónustunnar. Við skipulagningu og framkvæmd þjónustunnar skal þess gætt að hafa sem nánast samstarf og samvinnu við alla hlutaðeigandi aðila. Einnig er lögð áhersla á að eiga náð samstarf við heimahjúkrun og aðra þá sem veita þjónustuþega þjónustu.

10. grein

Hámarks tímafjöldi félagslegrar heimaþjónustu eru fjórir tímar í viku. Félagsmálanefnd getur gert undanþágu frá þessu hámarki þegar sérstakar aðstæður knýja á um slíkt. Ef ástæða þykir til skal framvísa læknisvottorði.

11. grein

Félagsleg heimaþjónusta skal að öllu jöfnu ekki vara lengur en 3 mánuði í senn. Þegar er ljóst að aðstæður munu ekki breytast er heimilt að samþykkja aðstoð til 6 til 12 mánaða í senn.

Aðstoðarþörf skal endurmetin reglulega.

III. KAFLI

Starfsmenn heimaþjónustu

12. grein

Leitast skal við að ráða fólk til starfa í félagslegri heimaþjónustu sem hefur reynslu af heimilis- og umönnunarstörfum. Stefnt skal að því að sem flestir starfsmenn hafi lokið sérstökum námskeiðum fyrir starfsfólk í félagslegri heimaþjónustu. Allir starfsmenn í heimaþjónustu skulu hafa hreint sakavottorð.

13. grein

Starfsmenn eru bundnir þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um í störfum sínum um einkamál þjónustuþega og heimilishald. Þagnarskyldan helst þó látið sé af störfum.

Starfsmenn skulu undirrita drengskaparheit um þagnarskyldu við ráðningu.

14. grein

Starfsmönnum er óheimilt að geyma lykla að íbúðum þjónustuþega. Ef aðstæður knýja á um að starfsmaður komist inn óhindrað skal lykill geymdur á skrifstofu verkstjóra og um það gert skriflegt samkomulag. Við skil á lykli skal þjónustuþegi eða umboðsmaður hans kvitta fyrir móttöku hans.

15. grein

Starfsfólki heimaþjónustu er óheimilt að aka þjónustuþegum. Komi til þess gerir starfsmaður það á eigin ábyrgð og eiganda ökutækisins.

16. grein

Starfsmönnum er óheimilt að þiggja gjafir, fríðindi eða önnur hlunnindi frá þjónustuþegum eða aðstandendum þeirra nema innan eðlilegra marka og um sé að ræða óverulegar gjafir. Hafa skal samráð við yfirmann ef vafi leikur á hvort starfsmanni sé heimilt að taka við gjöf.

IV. KAFLI

Gjaldtaka

17. grein

Greitt er fyrir félagslega heimaþjónustu samkvæmt gjaldskrá sem sveitarstjórn setur, að fengnum tillögum frá félagsmálanefnd. Gjaldskráin er endurskoðuð í janúar ár hvert í samræmi við breytingar á greiðslum almannatrygginga til lífeyrisþega. Allir þjónustuþegar eru gjaldskyldir samkvæmt gildandi gjaldskrá.

V. KAFLI

Málskot og gildistími

18. grein

Umsækjandi um félagslega heimaþjónustu getur áfrýjað ákvörðun félagsmálanefndar til úrskurðarnefndar félagsþjónustu í félagsmálaráðuneytinu sbr. lög nr.40/1991 gr. 64 og skal það gert innan fjögurra vikna frá því viðkomandi berst vitneskja um ákvörðun félagsmálanefndar.

19. grein

Reglur þessar voru samþykktar og öðlast gildi 1. september 2004 og þar með falla úr gildi eldri reglur.

f.h.

félagmálanefndar uppsveita Árnassýslu
Sólveig Pétursdóttir
félagsmálastjóri